

**Fundur haldinn í stjórn Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts  
mánudaginn 9. ágúst. 2010 kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

**DAGSKRÁ:**

**Mætt voru:** Ásta Laufey Þórarinsdóttir fyrir Svalbarðshrepp, Ragnhildur Karlsdóttir og Gunnólfur Lárusson fyrir Langanesbyggð, Valgerður Friðriksdóttir trúnaðarmaður, Hrefna Marinósdóttir forstöðumaður og Gunnólfur Lárusson framkvæmdarstjóri sem ritaði fundagerð á tölvu, einnig sátu fundinn Guðrún Júlía Jónsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir .

**Dagskrá.**

**1. Úttekt á rekstri Naust.**

Guðrún og Jóhanna fóru yfir úttekt sem þær voru búnar að gera á rekstri Nausts og er yfirskrift úttektarinnar „Gerum gott starf betra“. Helstu ábendingarnar eru.

- Húsnæðið: Allir íbúar Naust verði á neðri hæð og efri hæðinni fundinn nýr vettvangur.
- Ræsting: Samnýta með félagslegri heimilishjálpi og búa þannig til 100% starf.
- Umönnun: Breyta vaktafyrirkomulagi, skýr verkstjórn í upphafi vaktar.
- Eldhús: Sameina eldhús sveitarfélagsins.
- Forstöðumaður: Hjúkrunarfræðingur- løjupjálfi.
- Laun: Launaröðun – starfsmat, yfirvinna afleysingafólks ofl.
- Fjármál: Komast á föst fjárlög að lámarki 10 hjúkrunarrými og 4 dagvistunarrými.

Framkvæmdarstjóri þakkaði þeim Jóhönnu og Guðrúnu fyrir greinargóða yfirferð og er gert ráð fyrir að úttektarskýrslan verði til í vikulok.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.13:30